

# Endurlífgunarráð Íslands

Fundur mánudaginn 8. apríl 2019 haldinn að Ármúla 1a

Fundarmenn: Hjörtur Oddsson, Þorsteinn Jónsson, Valdís Anna Garðarsdóttir, Valgerður Hermannsdóttir, Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, Hlynur Höskuldsson, Sigrún Pétursdóttir og Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir.

Boðuð forföll: Þórður Þórkelsson

Fjarverandi: Bergur Stefánsson, Linda Björk Markúsdóttir

## DAGSKRÁ FUNDAR:

1. Fundur settur. Hjörtur fundarstjóri og Sigurbjörg ritari.
2. Farið yfir fundargerð frá 15. október 2018; samþykkt.
3. Aðalfundur 2019
  - Miðvikudagur 29. maí kl. 18:00
  - Óska eftir framboðum hjá aðildarfélögum og auglýsa fund meðal félagsmanna í félögum sem standa að Endurlífgunarráði Íslands t.d. Hjartaheill, félag hjartalækna o.s.frv.. Félagsaðild er kr. 2000.
  - Senda út tilkynningu um aðalfund
  - Dagskrá aðalfundar:
    - Skýrsla formanns og endurlífgunarráðs
    - Fundur í Slóvaníu í september 2019
    - Fundur í Manchester 22.-24. október 2020; góð staðsetning – viljum mæta sterk til leiks
    - Ársreikningar – Hlynur mun kynna ársreikning á aðalfundi
    - Kosningar
    - Fyrir hvað stendur ráðið
      - Alþjóðlegi endurlífgunardagurinn
      - Endurlífgunarkennsla í skólum
4. „Fræðsludagur“
  - Hugmynd um fræðslu í tengslum við aðalfundinn fyrir leiðbeinendur
  - Rætt um gæðastöðlun/learning conversation (non-technical skills) þar sem hluti af endurnýjun leiðbeinendaréttinda verður mat á leiðbeinendum í stað þess að skila kennslu á námskeiðum.
  - Fræðslufundur 16:30-17:45
    - 15 mín Áherslur og gæðastaðlar; Hjörtur Oddsson
    - 45 mín Myndband. Umræður og samantekt; Þorsteinn Jónsson
  - Taka frá tíma til að minna á fasta punkta ráðsins:
    - Alþjóðlegi endurlífgunardagurinn 16. október
    - Senda fréttir/myndir /fræðslu á heimasíðu
    - Efla grasrótina og hvetja áhugasama til að þora að stíga fram

5. Ársreikningar
  - Hrafnhildur Lilja fór yfir rekstraryfirlit 2018; viðhengi við fundargerð
6. Hjörtur sagði frá desemberfundi ERC í Brussel 2018
  - 30 ára afmæli Endurlífgunarráðs Evrópu
  - Stofnað í Vín 1988
  - Á fundinum var gert grein fyrir ráðstefnunni í Bologna (1044 þátttakendur frá 57 löndum)
  - Lönd/félög sögðu frá sinni starfsemi og fóru yfir endurlífgunarskýrslur
  - Vinnsla guidelines
  - Endurnýjun á Cozy kerfinu; mun verða Cozy3
  - Fundur í Brussel 27. júní 2019
7. Fundi slitið